

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla) eða rennslishemla. Greitt skal fyrir innstillt varmafl samkvæmt hemli, eða mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.

A. Hemlagjald (varmagjald).

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skulu greiða hemlagjald. Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútulíttra á mánuði er kr. 1.020.

B. Eldri samningar.

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulíttra kr. 595,65 á mánuði.

C. Varmagjald skv. mæli.

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skulu greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 27,80.

Mælagjald á mánuði.	kr.
C1 Mælastærð DN 15	532
C2 Mælastærð DN 20	760
C3 Mælastærð DN 25	940
C4 Mælastærð DN 32	1.120
C5 Mælastærð DN 40	1.301
C6 Mælastærð DN 50	1.781

D. Stofngjöld.

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituaðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

D1 Fyrir húsrými allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	kr.
Mælagrindargjald	48.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	120
D2 Fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús stærra en 200 m ²	
Mælagrindargjald	58.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ²	93
D3 Auka mælagrind	
Mælagrindargjald	38.500

E. Önnur gjöld.

Lokunargjald	2.500
Aukaálestur	2.500

4. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps, er hér með staðfest, samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 255, 19. mars 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. maí 2001.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Helgi Bjarnason.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2001.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2001.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð teljast ekki verksmiðjuskip.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2001 er skipum Evrópusambandsins sem veiðileyfi fá skv. 2. gr. heimilt að veiða allt að 3000 lestum af karfa. Meðafli sem fæst við karfaveiðarnar reiknast til þess kvóta. Ef einhver þorskur veiðist eða ef meðafli, annar en langhali, verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, getur eftirlitsmaður Fiskistofu krafist þess að veitt verði annars staðar á hinu afmarkaða svæði, sbr. 4. gr. Íslensk stjórnvöld skulu upplýsa Evrópusambandið þegar meginhluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfilegur heildaraflí hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.